



Ársskýrsla
Æskulýðsnefndar
Harðar 2014

Inngangur

Lagt var af stað í skemmtilegt ævintýri haustið 2013 þar sem formaður æskulýðsnefndar fékk til liðs við sig 6 fulltrúa til að gera veturinn eftirminnilegan á fjölbreyttan og lærdómsfullan hátt fyrir æskulýð Harðar. Reiðkennararnir okkar 7 sem eru bæði ungir, á besta aldri voru fullir af hugmyndum og kenndu á ýmiskonar námskeiðum. Þeir unnu veturinn að metnaði og áhuga og vonum við eftir áframhaldandi samstarfi á næstkomandi vetri.

Nefndin saman stóð af nýju kraftmiklu fólki og fór fyrsti fundur okkar í að safna hugmyndum á blað um hvað skildi gera um veturinn. Hópurinn setti sér það markmið að efla enn frekar gott æskulýðsstarf félagsins, ásamt því að reyna að ná til þeirra sem eru í hestafjölskyldum en ekki tekið þátt í æskulýðsstarfinu og kveikja áhuga barna, unglinga og ungmenna í Mosfellsbæ á hestamennsku.

Hugmyndirnar urðu margar og fjölbreyttar og það verður skemmtilegt að segja fá því sem við höfum verið að gera í vetur og munum við rekja það hér í máli og myndum.

Auglýsingar og upplýsingaflæði

Hugmyndin var að reyna að ná til sem flestra barna í hestunum og þeirra barna sem eiga foreldra í hestum en eru ekki endilega að ríða mikið út sjálf. Til þess þurftum við að hugsa hvernig okkur myndi takast það og stóðum við okkur bísna vel í því að auglýsa. Námskeið og viðburðir voru auglýstir á heimasíðu Harðar, á Facebook-síðu Harðar og Æskulýðsnefndar Harðar. Einnig voru Facebook-síðurnar tvær mikið notaðar til að koma upplýsingum á framfæri t.d. uppröðun í námskeiðshópa og þegar verið var að undirbúa sýninguna Hestafjör o.fl. SMS skilaboð voru líka notuð til að miðla upplýsingum, auglýsa og minna á. Bæjarblaðið Mosfellingur var einnig nýtt til að auglýsa bæði námskeið og viðburði.

Í byrjun janúar gengu nefndarmenn í hús í hesthúsa hverfinu og kynntu nefndina og það sem framundan var.

Námskeið

Við lögðum upp með þessi námskeið:

Pollanámskeið 1 – teymdir 4-5 ára

Pollanámskeið 2 – ríða einir 5-7 ára

Almennt reiðnámskeið 8-10 ára

Almennt reiðnámskeið 11-14 ára

Seven games námskeið

Keppnisnámskeið

Knapamerki 1, 2 og 3



Pollanámskeiðin voru frítt að þessu sinni. Kennd var ½ klst. í senn, 1x í viku. Námskeiðsgjöld voru a.ö.l. svipuð og á síðasta nefndarári. Frístundaávisun var sem áður tekin upp í greiðslu.

Reynt var að hafa allar skráningar á námskeiðin í gegnum Sportfeng að undanskildu pollanámskeiðunum.

Almennt reiðnámskeið var haldið með hefðbundnu sniði og voru kennarar þær Line og Malin. Var farið vandlega í ásetu og stjórnun, ásamt því að farið var í þrautaleiki, hindrunarstökk og fleira. Tæplega 20 krakkar tóku þátt.

Seven Games námskeiðið hefur verið vinsælt síðustu ár, en Harðarfélaginn Ragnheiður Þorvaldsdóttir hefur kennt það. Hefur það opnað nýjar víddir í samspili manns og hests.

Knapamerki 1, 2 og 3 voru kennd í vetur. Sonja Noack var kennari í Knapamerki 1 og 2, en hún var með 7 nemendur sem stóðust prófin með glæsibrag. Þá var Oddrún Ýr kennari í Knapamerki 3 og hjá henni voru 4 nemendur sem stóðu sig með prýði. Stefnt var að því að halda námskeið í Knapamerki 4 og 5, en vegna anna nemenda og kennara var þeim frestað.

Keppnisnámskeið: Kynningarfundur var í upphafi á keppnisnámskeiðinu þar sem Trausti Þór og Rúna kynntu uppbyggingu námskeiðsins og innihald. Þá komu þær Berglind Inga Árnadóttir og Þórhildur Þórhallsdóttir og héldu mjög líflegt og fræðandi erindi um mikilvægi liðsheildar og samheldni. Mjög góð mæting var á þeim fundi sem endurspegladist í skráningu á námskeiðinu en 16 nemendur skráðu sig.





Þær Berglind og Þórhildur fengu krakkana til að svara því hvers vegna lið nær meiri árangur en hópur einstaklinga og voru svörin eftirfarandi:

- Skemmtilegra
- Vera hluti af einhverju (samfélagi)
- Meiri hvatning
- Liðsmenn verða vinir og félagar á æfingum sem og utan vallar
- Fleiri skoðanir og lausnir koma fram til að ná settum markmiðum
- Eykur sjálföryggi (hefur traust og stuðning af hinum)
- Meiri líkur að þú haldir áfram (gaman, stuðningur og hvatning)
- Ef maður er jákvæður og óskar öðrum góðs gengis, þá gengur okkur betur sjálfum
- Að geta riðið út með öðrum en „bara“ foreldrum
- Fleiri ævintýri og fleiri minningar
- Skemmtilegra að pæla og stúdera með öðrum
- Sama lyktin af öllum vinahópnum ;-)
- Minna stress
- Með stærri hópi, þá fáum við fleiri í liðið þar sem allir geta haft hlutverk
- Samstaða hjá foreldrum
- Samgleðjast
- Liðsmenn hrósa hver öðrum og geta þegið hrós
- Forvarnastarf

Boðið var uppá stöðumat með Trausta og Rúnu fyrir nemendur á keppnisnámskeiði í mars, auk þess sem öllum öðrum sem stefndu á keppni var boðið að taka þátt. Spurðist þetta vel fyrir og fengu allir knapar umsögn senda í tölvupósti.

Gestakennari á keppnisnámskeiði var Heiðrún Halldórsdóttir sem tók nemendur í bóklega og verklega kennslu í ásetu í gegnum Pílates þjálfunarfræði. Var það mjög gagnlegt, auk þess sem verklega kennslan var sérstaklega skemmtileg.

Annar gestakennari var Olil Amble, en var ákveðið að hafa sýnikennslu hennar opna fyrir félagsmenn. Hélt Olil og hennaraðstoðarfólksýnikennslu á hennarvinnuaðferðum ásamt því að fara vel í gegnum hringtaumsvinnu og notkun stangaméla.

Trausti Þór fylgdi keppniskrökkum eftir allan veturinn, í gegnum öll mót, úrtöku og Landsmótið. Hann meðal annars gaf vinnu sínu á íþróttamótinu til að fylgja eftir hverjum og einum nemanda alla helgina.

Hópefli

Hópnum þjappað saman reglulega yfir veturinn og var ákveðið að nýta tímann vel áður en hestar yrðu teknir á hús.



Keila

Byrjað var á að fara í keilu í Egilshöll seinnipart nóvember með það fyrir augum að hittast og gera eitthvað skemmtilegt sem væri ekki endilega hestatengt. Mæting var mjög góð og skemmtileg stemning. Á þessu kvöldi létum við lista ganga til að safna saman símanúmerum.

Hreinsun reiðtygja

Við komum saman í reiðhöllinni í lok nóvember og mætti hver og einn með sín reiðtygi, tuskur og fötur. Við fengum til liðs við okkur hana Helgu söðlasmið sem ráðgjafa og aðstoðar manneskju við þrif á reiðtygjum. Við skemmtum okkur með góðum félagskap, fórum í leiki, hlustuðum á tónlist og nutum kvöldsins.



Jólaþjör / jólamarkaður

Á aðventunni var farið í Skógrækt Mosfellsbæjar og valið jólatré. Krakkarnir mættu síðan uppí Harðarþól og föndruðu jólakúlur á tréð og útbjuggu jólagjöf handa hestinum sínum sem var fóðurbætir. Síðan var farið með skrautið í reiðhöllina þar sem búið var að setja upp tréð með fallettri jólaseríu á mitt gólf reiðhallarinnar. Tréð var skreytt og jólagjafir hestanna settar undir tréð. Auglýstum við í samstarfi við félagið jólamarkað þar sem allir sem vildu gátu komið og sett upp kynninga/sölubás. Voru um 20 sölubásar settir upp og mættu í kringum 200 manns. Þegar búið var að skreyta tréð drukkum við heitt kakó og borðuðum smákökur.



Jólaball

Við höldum jólaball í reiðhöllinni okkar milli jóla og nýárs og dönsuðum þar og trölluðum svo kom jólasveinninn og dansaði með okkur og bauð uppá mandarínur. Það var boðið uppá kaffi, gos og smákökur og annað góðgæti. Þeir sem vildu máttu koma með þæga hesta og vera ríðandi í kringum jólatréð. Allt gekk þetta eins og í sögu og var kátt í höllinni.



Gistipartý

Boðið var upp á gistipartý í janúar Harðarþóli fyrir börn á aldrinum 10-14 ára eða barnaflokkur. Góður hópur kom og lá í einni flatsæng og skemmti sér vel. Við pöntuðum pízsu og krakkarnar komu með nammi sjálf. Um morguninn var boðið upp á glæsilegt hlaðborð og eftir það var farið að spila og þegar foreldrar komu að sækja um kl 12 á hádegis vru börnin ekki allveg á því að fara þetta var svo skemmtilegt.

Hópefli fyrir unglinga og ungmenni

Unglingum og ungmönnum var boðið að taka þátt í undirbúningi á sýningunni Hestafjörri og var það hugsað m.a. sem hópefli fyrir þau. Pöntuð var pizza, gos og boðið uppá prins pólo í desert. Farið var yfir hvað atriði þau gætu hugsað sér að taka þátt í og hvernig við ættum að útfæra þessa sýningu. Þau skiptu með sér verkefnum og báru ábyrgð hvert á sínu atriði, þ.e. að finna þátttakendur í atriðið og velja tónlist.

Kynningarverkefnið Hestafjör

Ráðist var í kynningu á hestamennsku fyrir börn, unglinga og ungmennt með sýningunni Hestafjör sem var í mars. Sýningin var kynnt í öllum skólum Mosfellsbæjar og í fyrirtækjum og verslunum bæjarins og á facebook. Eftir að hafa fengið synjun um að kynna verkefnið/sýninguna í skólum

bæjarins, var leitað til bæjarskrifstofu og veitti framkvæmdastjóri fræðsluviðs heimild til að dreifa miðum í gegnum kennarana. Voru þá prentaðir 1.300 boðsmiðar á sýninguna sem kennarar afhentu hverjum nemanda í bænum.



Um var að ræða tvær sýningar, hvor um sig um 1 klst og voru þær báðar sama föstudagskvöldið. Aðgangur var ókeypis. Fyrri sýningin var hugsuð fyrir börn í 1.-4. bekk en seinni sýningin fyrir 5.-10. bekk. Atriðin voru margvísleg t.d. grímutölt, boðhlaup, Smali, hestafótbolti, Seven games, keppnissýning og grínatriði. Skemmst er frá því að segja að reiðhöllin var yfirfull af áhorfendum á báðum sýningum þar sem um 800 manns mættu og virtust allir hafa af þessu gaman. Allir sem mættu fengu happdrættismiða og voru dregnir úr fjöldi veglegra vinninga.

Allt var þetta gert með þeim tilgangi að vekja athygli á hestamennsku sem skemmtilegu og gefandi áhugamáli, en þulirnir fóru á kostum í lýsingum atriðanna og náðu án efa að kveikja áhuga einhverra áhorfenda. Þá voru fulltrúar hestamannafélagsins með upplýsingabás þar sem streymdi að áhugasamir krakkar að kynna sér hvað þurfi til að byrja í hestamennsku. Mikill undirbúningur barna, unglinga og ungmennta sem tóku þátt í sýningunni skilaði sér í ánægju með vel unnið verk.

Í lok sýningar hittumst við uppí reiðhöll og fengum okkur köku og kakó og ræddum þetta afrek okkar sem allir voru svo stoltir af. Þetta var stærsta verkefni nefndarinnar og gríðarlegur metnaður lagður í þetta sem skilaði sér 100% til baka. Umtalað í Mosfellsbæ hversu gaman það hefði verið að koma og sjá svona fjölbreytt atriði og allt atriði sem börnin framkvæmdu með aðstoð ungmennta og unglinga og nefndarinnar.





Æskan og hesturinn

Sem fyrr tók hestamannafélagið Hörður þátt í sýningunni Æskan og hesturinn sem fram fór í reiðhöllinni í Víðidal. Þátttakendur voru í grímutölti, slaufureið og atriði um söguna Skúlaskeið. Þá sýndi Harðarfélaginn Ragnheiður Þorvaldsdóttir og sonur hennar atriðið þeirra frá Hestafjör sýningunni og fulltrúar fræðslunefndar fatlaðra í Herði kynntu sitt starf. Stífar æfingar voru haldnar fyrir sýninguna og þá sérstaklega á atriðinu Skúlaskeiði,

en það var mikið lagt í atriðið. Meðal annars var farið í hljóðver og kvæðið tekið upp og hljóðblandað með tónlist. Allt tókst þetta mjög vel og var hestamannafélaginu til sóma. Eftir sýninguna hittist hópurinn í einu hesthúsi í hverfinu og voru pantaðar pizzur.

Vinadagurinn og Hestadagar

Í tengslum við Hestadaga voru útbúin boðskort sem börnin gátu notað til að bjóða vinum sínum með sér í hesthúsið og var þá undir hverjum komið hvað var gert í hesthúsinu. Markmiðið með þessu er að kynna hestamennskuna og fylgja eftir sýningunni Hestafjör. Þá mættu fulltrúar yngri kynslóðarinnar í fánareið við setningu hátíðarinnar við Hörpu.




Páskafitness

Páskafitness er árlegur viðburður þar sem keppt er í ýmsum greinum í reiðhöllinni en hestar koma þar hvergi nærri. Meðal keppnisgreina þetta árið var stígvelakast, skeifukast, hjólbörurall og boðhlaup með kókosbolluáti. Skipt var í nokkur lið og fengu allir páskaegg að lokum en vinningsliðið fékk þó stærstu eggin. Mæting var mjög góð og skemmtu sér allir vel.



Reiðtúr í apríl

Farið var í einn reiðtúr í apríl í sól og blíðu. Mætti góður hópur af börnum og einhverjir foreldrar og tókst ferðin vel. Við riðum Ístakshringinn svokallaðan og fórum heim til eins úr nefndinni sem bauð okkur. Hún býr á Fitjum og vildi svo skemmtilega til að hún var með 5 hvolpa sem börnin gátu skoðað og klappað, kanínu, kisu og hænur. Síðan drukkum við nestið okkar og svo var haldið heim á leið.



Grímutöltið

Af sjálfssögðu tókum við þátt í grímutölti sem var haldið á vegum mótanefndar og höfðu aldrei sést eins margir og flottir krakkar eins og þetta árið.

Fjölskyldureiðtúr

Hinn hefðbundni fjölskyldureiðtúr upp að Hraðastöðum í Mosfellsdal var farin um miðjan maí. Á Hraðastöðum er rekinn húsdýragarður svo allir gátu notið þess að rölta um svæðið og klappa dýrunum. Að venju var boðið upp á grillaðar pylsur og safa. Veðurguðirnir léku aftur við hestamenn og tókst þetta einnig ágætlega.

Veitingasala á Gæðingamóti

Æskulýðsnefndin tók að sér veitingasölu á Gæðingamótinu, en þeir krakkar sem aðstoðuðu fengu að skipta milli sín ágóða sölunnar til að niðurgreiða jakka/peysur sem pantaðar voru fyrir Landsmót. Var þetta skemmtilegt verkefni og stóðu krakkarnir sig vel.



Keppnir og mót

Vetrarmót

Mikill fjöldi ungra knapa tóku þátt í vetrarmótum og mikil aukning frá fyrri árum. Var þetta góður undirbúningur fyrir keppnistímabilið í sumar.

Íþróttamót Harðar

Frábær skráning var á Íþróttamótið og ekki svo margir verið skráðir í yngri flokkum í mörg ár. Stóðu krakkarnir sig mjög vel, en ómetanlegt var að hafa Trausta Þór Guðmundsson með krökkunum alla helgina til að leiðbeina þeim við upphitun.

Æfingamót

Æfingamót fyrir úrtökumótið var haldið rétt eftir miðjan maí. Keppendur fengu einkunn og umsögn frá dómurum en engin verðalaun voru gefin því hér var markmiðið einungis að æfa fyrir það sem koma skyldi. Trausti Þór og Rúna gáfu líka umsögn eftir á og mæltist það vel fyrir. Að móti loknu, héldu gæðingadómararnir Súsanna Sand og Oddrún Ýr kynningu á reglunum og gáfu keppendum tækifæri til að spyrja nánar út í umsögn um þeirra sýningar.



Gæðingamót / úrtaka fyrir Landsmót

Mikill hugur var í börnum, unglingum og ungmennum fyrir gæðingamótinu og voru miklar skráningar. Haldin var tvöföld úrtaka, þ.e. á fimmtudegi og aftur á laugardegi.

Eftir að hafa slípað vel til sýningarnar eftir margar ógildar sýningar á æfingamóti, náðu allir knapar að gera löglega sýningu og því var öflugur hópur ungra knapa sem unnu sér rétt til þátttöku á Landsmótinu. Hörður mátti senda 7 knapa í hverjum flokki auk 2 varaknapa.



Landsmótsnefnd

Stofnuð var ákveðin Landsmótsnefnd sem samanstóð af 5 manns. Farið var í það að panta peysur og úlpur sem allir Harðarfélagar gátu keypt, en svo fór að hátt á annað hundrað félagar nýttu sér þetta tilboð. Síðan var farið í að skipuleggja hvernig við vildum þjappa hópnum saman fyrir Landsmót.



Æfingabúðir

Við Harðar félagar erum svo heppinn að eiga góða að. Við fengum félaga okkar á Margrétarhofi til að útvega okkur aðstöðu fyrir hesta og börn helgina fyrir Landsmót.

Við söfnuðum fullt af styrkjum frá fyrirtækjum í Mosfellsbæ sem gáfu okkur mat til að nærast á þessa helgi. Lagt var af stað frá reiðhöll Harðar á laugardagsmorgni og byrjað á því að fara á æfingu á vellinum á Hellu. Að æfingu lokinni var farið að Margrétarhofi þar sem gengið var frá hestunum og hópurinn fékk sér nesti. Þegar allir voru búnir að nærast var hafist handa við að pússa yfir hestana og gera þá klára fyrir keppni. Að því loknu tóku allir fram sín reiðtygi og þau þrifu vandlega svo allir litu vel út. Að því loknu komu frábærir gestir í heimsókn, en það voru Súsanna Sand sem fóru vandlega yfir allar reglur og svaraði spurningum krakkanna. Þá kom Rúna Einarsdóttir

með frábært erindi þar sem hún fjallaði um sína reynslu af því að vera í íslenska landsliðinu, þ.e. hvað þurfi að huga að í aðdraga móts, á mótsstað, næringu knapa og hesta, liðsheild og samheldni, andlegan og líkamlegan undirbúning, og margt fleira. Erindi hennar var frábærlega vel undirbúið að ómentanlegt að hún skyldi miðla þessari reynslu til hópsins. Um kvöldið var svo farið í leiki. Morguninn eftir var boðið uppá veglegan morgunverð, áður en farið var að pakka saman og þrifa hina frábæru aðstöðu á Margrétarhofi. Upp úr hádegi var svo farið á æfingu á Hellu, en að henni lokinni tóku foreldrar við sínum börnum til að gera þau klár fyrir mótið.

Fánareið

6 krakkar tóku þátt í fánareið á LM hestamanna og stóðu þau sig með þryði.



Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna

Harðarfélagar af yngri kynslóðinni fjölmenntu á Íslandsmótið og stóðu sig þar með þrýði.

Hrönn Kjartansdóttir og Sproti urðu Íslandsmeistarar í fimi ungmennaflokki.

Harpa Sigríður Bjarnadóttir og Sváfnir urðu Íslandsmeistarar í fimi unglungaaflokki.

Anton Hugi Kjartansson og Skíma urðu Íslandsmeistarar í tölti unglunga.



Þeir Harðarfélagar sem lentu í verðlaunasætum eru eftirfarandi:

4g unglunga: Harpa Sigríður 9.sæti.

4g ungmenna: Hinrik Ragnar 8.sæti.

5g unglunga: Anna Bryndís 5.sæti, Harpa Sigríður 8.sæti.

5g ungmenna: Súsanna Katarína 5.sæti, Sandra Petursdóttir Jonsson 6.sæti.

Tölt unglunga: Anton Hugi 1.sæti, Hrafnís Katla og Anna Bryndís 5.-6.sæti.

Tölt ungmenna: Hinrik Ragnar 2.sæti, Hrönn 8.sæti og Sandra 10.sæti.

Fimi unglunga: Harpa Sigríður 1.sæti.

Fimi ungmenna: Hrönn 1.sæti og Súsanna Katarína 3.sæti.

Hestamannafélagið Hörður kynnir

HESTAÍPRÓTTA- KLÚBB HARÐAR



Hestaípróttaklúbbur Harðar

Seinni hluta sumars höfðu samband við Æskulýðsnefnd þær Line Nörgaard og Malin Jansson reiðkennarar með hugmynd að því að stofna hestaípróttaklúbb. Um er að ræða skipulagða íþróttastarfsemi á ársgrundvelli fyrir börn og unglinga sem stunda hestamennsku. Markmið Hestaípróttaklúbbsins er að færa hestamenskuna á sama stall og aðrar íþróttagreinar.

Með því að bjóða upp á hestamennsku sem íþróttagrein á ársgrundvelli mun færni, þekking og félagsleg tengsl barna innan hestamannafélaga aukast. Áhersla lögð á að kynna allar hliðar hestamenskunnar. Kennsla er bókleg og verkleg, einnig kennslusýningar. Reiðtúrar og vettvangsferðir. Slíkur klúbbur hefur verið starfræktur í eitt ár í Fákí við góðan orðstýr.

Eftir nokkra undirbúningsvinnu var haldinn kynningarfundur í Harðabóli og mættu yfir 20 börn og unglingar með foreldrum sínum og var áhuginn mikill. Í kjölfarið hófust skráningar og voru 18 skráðir að lokum og byrjuðu þeir 6 manna hópar mánudaginn 8.september. Á haustönn er Hestaípróttaklúbburinn starfandi í 12 vikur. Fyrstu 6 vikurnar mæta nemendur með hesta. Seinni 6 vikurnar eru nemendur ekki með eigin hesta. Eftir áramót eru börnin aftur með eigin hesta í sínum hesthúsum.

Uppskeruhátíð

Þann 2. október verður Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar haldin með hefðbundnum hætti. Þar mun fara fram verðlaunaafhending fyrir árangur liðins árs og veittar viðurkenningar fyrir Knapamerki. Boðið verður uppá veglegt matarhlaðborð sem félagar sjá um að framreiða, skemmtiatriði og skemmtilega samveru okkar hestamanna.

Lokaorð

Nefndin náði þeim markmiðum sem hún setti sér fyrir starfsárið, þ.e. að efla gott æskulýðsstarf enn frekar, fjölga þátttakendum í æskulýðsstarfinu og vekja athygli á hestamennsku sem áhugaverðri íþrótt og áhugamáli fyrir börn, unglinga og ungmenni í Mosfellsbæ.

Æskulýðsnefnd Harðar saman stóð af þessum foreldrum 2013-2014

Bryndís Ásmundsdóttir, gjaldkeri

Guðmundur Björgvinsson

Heidi Andersen, ritari

Játvarður Jökull Ingvarsson

Berglind Inga Árnadóttir

Karin Mattson

Ólafur F. Haraldsson

Rúnar Þór Guðbrandsson, formaður

Rúna Einarsdóttir, ráðgjafi Æskulýðsnefndar í fræðslumálum

Kennarar Æskulýðsnefndar 2013-2014

Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Line Nörgaard

Malin Jansson

Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Rúna Einarsdóttir

Sonja Novak

Súsanna Sand Ólafsdóttir

Trausti Þór Guðmundsson